


GRAFÍK Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Síðustu þrjátíu árin hefur heimurinn fylgst með endur-reisn og uppbyggingu Póllands, en eins og flestir vita hafa pólvörjar um aldri orðið að berjast fyrir því að fá að vera til sem þjóð og tilverur þeirra vefengdur af nágrannþjóðum þeirra sem hvað eftir annað hafa ætt yfir landið og jafnvel skipt því öllu upp milli sín. Eftir að nasistar höfðu í heimsstyrjöldinni síðari unnið að því kerfisbundið að tortíma öllu sem hét pólsk menning, hlýtur afrek pólvörja að vekja aðdáun og virðingu allra sem fylgst hafa með framlagi þeirra til heimslistarinnar á undanförunum áratugum.

Um 1955 kom fram í Póllandi ný kynslóð ungra myndlistarmanna sem sagði skilið við sósíal-realismann sem mótað hafði eftirstriðs listsköpun pólvörja. List ungmennanna tengdist þýskum expressionisma, en ívafið var félagslegt og pólitískt. Það er upp úr þessum



Frá sýningunni „Ný pólsk grafík“ Halina Chrostowska: Nr. 11 Svört vera IV. Nr. 12 Gul vera I. Nr. 13 Gul vera II. Og nr. 10 Hvít vera I.

grein, margir vinna að henni með málverkinu jöfnum höndum.

Það dylst engum sem sýninguna skoðar, en ekki styðst við hleypidóma í heimahúsum til að afgangi málið, að þarna er á ferðinni einstakur listviðburður og er sýningin velþegið tækifæri til að víkka þann þrönga sjónvildarhring sem óhjákvæmilega, vegna legu lands okkar og fárra tækifæra til samanburðar hlýtur að ríkja hjá okkur.

Aðstandendur sýningarinnar eiga allar þakkið skilið fyrir þetta myndarlega framtak.

NÝ PÓLSK GRAFÍK

Grafík á heimsmælikvarða

Myndlist

vex fram, en í dag hafa þeir skapað sér algjöra sérstöðu fyrir yfirburði á sviði grafíklistar, veggspjaldagerðar og vefjalistar. Það er athyglisvert að þessar þrjár listgreinar eiga allar alþýðlegan uppruna og byggja á gamalli pólskri listhandverkshefð sem skýrir að nokkru leyti vinsældir þeirra og útbreiðslu í Póllandi.

Um þessar mundir og fram til 10. þ.m. stendur að Kjarvalsstöðum sýning á nýrri pólskri grafík og er óhætt að segja að ekki hafi margar heilsteypari og vandaðri sýningar gist Ísland. Sýningin er svo gagnvönduð að hvergi slakar á gæðunum, þótt tækni og inntak myndanna sé eins fjölbreytilegt og víðfeðmt og hugsast getur. Þeir 34 listamenn sem þarna eiga um 130 myndverk sýna aðdáunarvert handbragð í öllum þeim fjölbreytileika sem grafíkin hefur þróast í á næstliðnum árum, þó undirstöðu-

atriðin séu jafngömul prentlistinni.

Sjálfst inntak myndanna sýnir gleggst að þarna er um að ræða 34 sjálfstæða og frjóa persónuleika og ætti það að taka af allan grun þeirra, sem kynnu að halda að pólsk nútímalist sé tjóðruð við höft sósíal-realismans.

Fáar listgreinar hafa á okkar dögum notið svo skjótra vinsælda sem grafíkin, frami hennar á Íslandi síðustu árin hefur verið undraverður og kemur þar helst til góð kynningarstarfsemi félagsins Íslensk grafík, sem upprætti þann útbreiðda misskilning að grafík og eftirprentun væri það eitt og sama og því grafíkin öðrum listgreinum óæðri. Hinn frábæri árangur sem náðst hefur í grafískri listsköpun á alþjóðlegum vettvangi má þakka því hversu margir góðir listamenn hafa laðast að þessari margbreytilegu list-



Hrafnhildur Schram

Vonandi eigum við eftir að fá að sjá nútímavefjalist pólvörja hér einhverntíma í framtíðinni. Það færi vel á því að geta endurgoldið pólvörjum þessa sendingu með kynningu á okkar list í Póllandi því gagnkvæmar kynningar hljóta að vera forsendan fyrir slíkum menningartengslum.

Hrafnhildur Schram

DAGBLAÐIÐ
frjálst, óháð dagblað

óskar að ráða starfskrafta við

**afgreiðslu-
og skrifstofustörf.**

Tilboð sendist DB, merkt DB-77, fyrir
7. desember nk.

Bifreiðastillingar NICOLAI

Brautarholti 4 — Sími 13775

CENTURY TÖLVU-ÚR ER JÓLAGJÖFIN

NR. 1
Herra



VERÐ 21.000.-
með skeiðklukku
1/100 úr sek.


VERÐ 18.365.-
með sek.teljara.
Skifa svört.

NR. 2
Herra




VERÐ 21.700.-
gylltur kassi
skifa brún.

NR. 3
Herra




VERÐ 17.100.-
Skifa svört.

NR. 4
Herra



VERÐ 17.100.-
Skifa blá.

NR. 5
Dömu



VERÐ 19.500.-
Skifa brún+blá.

CENTURY-ÚRIN ERU MED FLJÓT-
ANDI LJÓTABORDI SEM SÝNIR:

1. Stundir — mín. — sek.
2. Mánuð — mánaðardag.
3. Fyrir hádegi — eftir hádegi.
4. Nákvæmni ± 2 mín. á ári.
5. Sjálfvirkt dagatal í 4 ár.
6. Ljósahnapp fyrir álestur í myrkri.
7. Ryðfrítt stál — hert gler.
8. Vatnsvarið — höggvarið.
9. Skeiðklukka, sek.- og mín.-teljari, úr nr: 1.
10. 1 árs ábyrgð. Faglærðir menn.

FULLKOMIN VIÐGERÐARÞJÓNUSTA.
KAUPIÐ ÚRIN HJÁ ÚRSMÍÐ.

Höfum einnig glæsilegt úrval af
TÖLVU-ÚRUM FRÁ:
Pierpont, Delma, Favre-Leuba.

Póstsendum

Úr og skartgripir - Jón og Óskar - Laugavegi 70 - Sími 24910